

Ed.

440. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til I. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta frv. og framkvæmd þess, eins og hún er boðuð af ríkisstjórninni, ef að lögum verður, er að öðrum þræði eins konar staðfesting á þeirri stórfelldu kjaraskerðingu, sem stjórnarflokkarnir hafa leitt yfir almenning, og á þeim samdrætti, sem vofir yfir atvinnulífinu og framleiðslunni. Að hinu leytinu stefnir frv. í sömu átt og undangengnar lagasetningar um efnahagsmálin, sem knúðar hafa verið fram á þessu þingi, miðar að því að herða á samdrættinum, spilla mörkuðum útflutningsframleiðslunna, auka erlenda skuldaföfnun og gera þjóðina háða lánardrottnunum og þeim mörkuðum, sem þeim eru tengdir.

Í kjölfar þessarar fyrirhuguðu lagasetningar hyggst ríkisstjórnin veita nær ótakmarkaðar heimildir til vörukaupa og eyðslu gjaldeyris og hefur í því skyni tekið stærri erlend eyðslulán en áður hefur þekkt. Yfirvofandi hætta er á, að þessi lán muni síðan festast í erlendum vörubirgðum og eyðast í gjaldeyriskaupum þeirra, sem fjárráð hafa, og verða varanleg og hættuleg byrði á þjóðinni. Jafnframt hefur svo kaupmáttur almennings gagnvart erlendum varningi verið rýrður um 30—80% og einnig stórlega gagnvart öllum innlendum vörum og þjónustu. Um leið og ríkisstjórnin afnemur bókstaf þeirra takmarkanaákvæða um innflutning og gjaldeyriskaup, sem gilt hafa, áætla hún, að framvegis muni vörukaup erlendis frá minnka um 200 millj. kr. á ári, miðað við eldra gengi, eða um hartnær 20%. Á þessum áætlunum um auknar takmarkanir innflutnings hefur hún svo byggt tekjuáætlun fjárlaga og aðrar fyrirætlanir sínar. Það er því sýnt, að ríkisstjórnin metur þá kjaraskerðingu, sem hún hefur framkvæmt á launamönnum, svo, að hún komi ekki aðeins að fullu og öllu í stað þeirrar stjórnar, sem verið hefur á innflutningnum, heldur takmarki hann og þar með frelsi almennings til að veita sér erlendar neyztu- og framkvæmdavörur miklu meira. Það frelsi í orði, sem nú á að veita, er því fyrir allan almenning í reyndinni aðeins staðfesting stjórnarvaldanna á þeirri almennu lífskjaraskerðingu, sem þau telja, að nú sé tryggð og muni hefta vörukaup hans meira en nokkru sinni hefur áður verið gert með innflutningshömlum.

Með þeirri stefnu í verzlunarmálum, sem þetta frv. boðar, er markvisst stefnt að því að brjóta niður þau viðskipti, sem tekizt hafa um mörg undanfarin ár við ríki Austur-Evrópu og tryggt hafa öruggan og vaxandi markað fyrir megnið af hinni miklu framleiðsluaukningu þjóðarinnar um langt skeið. Kemur hvort tveggja til, að innflutningur verður mjög aukinn frá Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum á kostnað innflutnings frá jafnkeypislöndunum, og mun það eitt fyrir sig rýra beint markaði okkar þar um 10—15% strax í upphafi, — og einnig hitt, að minnkuð kaupgeta og framkvæmdageta innanlands saxar þessi viðskipti niður. Hafa ýmsir aðilar, þ. á m. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, varað ríkisstjórnina mjög eindregið við afleiðingum slíkra ráðstafana, en allt hefur komið fyrir ekki. Hin nýja stefna hefur þegar leitt til þess, að innflutningur frá jafnkeypislöndunum hefur á fyrstu þrem mánuðum þessa árs rýrnað úr 36% niður í 29%, miðað við sama tíma s. l. ár. Verði þessari stefnu haldið til streitu, er atvinnulífi okkar og framleiðslu stefnt í voða. Óseljanleg framleiðsla hleðst upp, eins og þegar er orðið varðandi fiskmjölið, og lánardrottnar okkar fá í hendur aukið áhrifavald um markaðsverð á okkar framleiðslu.

Samkvæmt „sérstökum frílista“, sem ganga á í gildi að 6 mánuðum liðnum, á að veita ótakmarkaðar heimildir til að hrúga á innanlandsmarkaðinn erlendum iðnvarningi, sem við höfum og getum framleitt að mestu eða öllu leyti sjálfir með góðum árangri og hundruð manna hafa nú framfæri sitt af. Þetta mun leiða af sér stórfelldan samdrátt viðkomandi iðngreina og jafnvel hrún þeirra sumra. Hér er

m. a. um að ræða skógerðir, fatnaðarframleiðslu ýmsa, sápugetur, málningarframleiðslu o. fl.

Með frv. þessu eru afnumin gildandi ákvæði laga um heimildir til fjárfestingar í meiri háttar framkvæmdum. Þessari breytingu er þó ekki ætlað að stuðla að auknum framkvæmdum, þar sem samhliða aðgerðir: stórhækkaður framkvæmdakostnaður, skipulagðar lánsfjárhömlur, vaxtaokur og launalækkanir, leggja miklum mun meiri hindranir í götu allra framkvæmda og framfara en áður hafa gilt. Hins vegar eru nú minnkandi líkur fyrir, að þau sjónarmið ráði um fjárfestingu, sem taka tillit til hagsmuna heildarinnar. Valdið er hér sem annars staðar fengið í vaxandi mæli í hendur fjármagnsins og tillitslausra gróðasjónarmiða. Þessi stefna er þegar farin að segja til sín víða um land. Dauð hönd efnahagsaðgerðanna leggst með vaxandi þunga yfir athafnalífið. Bygging nýrra íbúðarhúsa er þegar svo til stöðvuð utan Reykjavíkur og næsta nágrennis, sömuleiðis stofnun býla og byggingar- og ræktunarframkvæmdir í sveitum. Framkvæmdir til atvinnu- og framleiðsluaukningar heyra þegar til undantekningum.

Þegar annað um þrýtur, er því á lofti haldið, að hin nýja skipan innflutnings- og gjaldeyrismála spari hinu opinbera og almenningi miklar fjárhæðir. Þetta er fullkomin blekking. Engar líkur eru til, að hið nýja fyrirkomulag verði kostnaðarminna en hið fyrra. Allur munurinn er sá, að gjaldeyrisbankarnir fara nú með framkvæmdina ásamt „sérstökum“ pólitískum fulltrúum ríkisstjórnarinnar og setja upp nýja stofnun með fjölmennu starfslíði í stað þeirrar, sem niður er lögð.

Af framangreindum ástæðum svo og öðrum, sem ég mun nánar gera grein fyrir í umræðum, er ég andvígur þessu frv. og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 12. maí 1960.

Björn Jónsson.